

Hverfisráð Miðborgar

Ár 2016, fimmtudagurinn 28. janúar var haldinn 123. fundur hverfisráðs Miðborgar. Fundurinn var haldinn á þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða, Laugavegi 77 og hófst hann kl. 17.00. Viðstödd voru Svafar Helgason sem stýrði fundi, Sindri Snær Einarsson, Elsa Hrafnhildur Yeoman og Áslaug María Friðriksdóttir. Júlíus Vífill Ingvarsson boðið forföll og sat Kári Sölmundarson fundinn í hans stað. Áheyrnafulltrúar frá ungmennaráði voru Elva Gestsdóttir og Anna Magnúsdóttir Eirúnardóttir. Einnig sátu fundinn Sigprúður Erla Arnardóttir, framkvæmdastjóri þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíðar og Sigríður Arndís Jóhannsdóttir sem ritaði fundagerð.

Þetta gerðist:

1. Fulltrúar ungmennaráðs boðnir velkomnir á fundinn.
2. Erindi frá ungmennaráði kynnt.

Bókun hverfisráðs:

Hverfisráð Miðborgar tekur undir ósk ungmennaráðs Miðborgar og Hlíðar um mikilvægi þess að ungmennahús Kamps verði áfram fjármagnað svo þessi mikilvæga starfsemi verði áfram valkostur fyrir 16+ ungmenni hverfana.

3. Grundarstígareitur, Kynning frá USK.
Ráðir gerir engar athugasemdir.
4. Veghúsastígur 9 og 9A

Bókun hverfisráðs:

Hverfisráð Miðborgar telur að íbúabyggð í hverfinu sé ógnað vegna fjölgunar gistirýmis á kostnað íbúðarhúsnæðis. Nauðsynlegt er að skýrari stefnumótun eigi sér stað um hversu langt sé æskilegt að ganga á hlutfall þess rýmis í hverfinu sem ætlað er íbúum til langs tíma. Mjög áriðandi er að gistirými og íbúðargisting verði skoðuð og meðhöndluð með sama hætti og hótelin í aðdraganda þess að hótelskvótar voru samþykktir. Verði ekkert gert er auðséð að félagsauður hverfisins er í mikilli hættu.

5. Málefni utangarðsmanna, fulltrúar Frú Ragnheiðar kynnir sína starfsemi.
6. Önnur mál.

Fundi slitið kl. 19.00

Kári Sölmundarson (sign)
Sindri Snær Einarsson (sign)

Svafar Helgason (sign)

Elsa Hrafnhildur Yeoman (sign)
Áslaug María Friðriksdóttir (sign)